

Fundargerð

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar, haldinn 29. maí 2000, kl. 12:00.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt
2. Lagðar fram athugasemdir Siðfræðistofnunar við frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og frumvarp til laga um lífsýnasöfn.
3. Bókaútgáfa. Salvör greindi frá því að sótt hefði verið í norræna þýðingarsjóðinn vegna *Teologisk Etik* og væri frétt að vænta í júní. Prentun og frágangur við Amador og Afmælisritið hefur dregist nokkuð en samkvæmt upplýsingum frá Háskólaútgáfunni koma þær út á næstu dögum.
4. Skýrt frá því að starfshópur hafi verið skipaður um M. A. námið í siðfræði. Fulltrúi Kennaraháskóla Íslands er Ástríður Stefánsdóttir, dósent, fulltrúi Háskólans á Akureyri er Kristján Kristjánsson, prófessor, fulltrúi Háskóla Íslands og formaður starfshópsins er Vilhjálmur Árnason, prófessor. Starfsmaður hópsins er Salvör Nordal.
5. Lögð fram umsókn í Tækjakaupasjóð Háskólans þar sem farið er fram á styrk til kaupa á nýrri PC- tölvu fyrir stofnunina.
6. Lagt fram fjárhagsyfirlit fyrir Siðfræðistofnun frá 10. maí. Fjárframlög Háskólasjóðs hafa enn ekki verið afgreidd. Salvöru falið að kanna stöðu mála.
7. Rætt um verkefni Siðfræðistofnunar á næstunni en stofnunin er í nokkurri lægð um þessar mundir. Rætt var um hvort mögulegt væri að efna til annars Skálholtsfundar í haust og Salvöru falið að ræða við Pétur Pétursson um hugsanlegar hugmyndir að slíku þingi. Þá var rætt um Friðhelgisrannsóknina og rannsóknina á sjálfræði aldraða og velt fyrir sér möguleikum á að málþing yrði haldin næsta vetur tengd þeim rannsóknum. Vilhjálmur gerði að tillögu sinni að haldið yrði opið málþing um fósturrannsóknir í september í samvinnu við siðaráð landlæknis. Rætt um heimasíðu o.fl.